

Nd.

440. Frumvarp til laga

[6. mál]

um breyting á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald.

(Eftir 2. umr. í Nd. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 6 með þessum breytingum:

3. gr. laganna orðist svo:

Hið hækkaða vörugjald, sem lagt skal á innlenda framleiðslu og innflutning frá og með 12. september 1979, skal greitt af sölu eða annarri afhendingu innlendrar framleiðslu frá og með 12. september 1979 og af innfluttum vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar, frá og með 12. september 1979.

Af vörum, sem með leyfi tollyfirvalda hafa verið afhentar innflytjendum fyrir 12. september 1979 gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, skal greiða hið hækkaða vörugjald, sem gildir frá og með 12. september 1979, nema fullnaðartollafgreiðsla þeirra eigi sér stað fyrir 1. nóvember 1979.

4. gr. hljóðar svo:

Við tollafgreiðslu á vöru, sem undanþegin hefur verið tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimildum í 2.—4. gr. tollskrárlaga eða heimildum í sérstökum lögum, er heimilt að veita undanþágu frá greiðslu sérstaks vörugjalds. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um undanþágur samkvæmt þessum málslið. Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður eða felldur niður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber 30% vörugjald, skal þó í stað hins hærra vörugjalds innheimta af viðkomandi vöru hið lægra vörugjald, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið lægra vörugjald.

Við tollafgreiðslu á vöru, sem tollur hefur verið lækkaður af skv. 13. tl. 3. gr. tollskrárlaga og ber hið lægra vörugjald, skal í stað hins lægra vörugjalds innheimta 30% vörugjald af viðkomandi vöru, ef vara sú, sem tollur er færður til samræmis við samkvæmt tilvitnaðri heimild, ber hið hærra vörugjald.

5. gr. hljóðar svo:

Niðurfelling gjaldsins skv. 2. og 3. gr. þessara laga, sbr. lög nr. 74/1979, skal miðuð við sölu eða aðra afhendingu frá og með 12. september 1979 ef um innlenda framleiðslu er að ræða, en um innfluttar vörur skulu gilda í þessum efnun ákvæði 3. mgr. 14. gr. l. 120/1976, um tollskrá o. fl. Ráðherra er heimilt með sama hætti og kveðið er á um í 12. tl. 3. gr. laga nr 120/1976, um tollskrá o. fl., með áorðnum breytingum, að undanþiggja þar um ræddar vörur gjaldskyldu skv. 1. gr.